

**Ed. 198. Frumvarp til laga [107. mál]**

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

3. liður 16. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiði 8% — átta af hundraði — af söluskatti þeim, sem innheimtur er í ríkissjóði samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt, 1. gr., svo og 5% — fimm af hundraði — af verðtollstekjum ríkissjóðs samkv. lögum nr. 7/1963 um tollskrá o. fl.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum, ársfjórðungslega eftir á.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.